

14. gr.

Vinningar sem nema lægri upphæð en 20.000 kr. skulu greiddir hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins. Greiðsla skal hefjast ekki síðar en á fjórða virkum degi eftir útdrátt.

Vinningar sem nema 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skulu greiddir frá aðalskrifstofu Hæddrættis Háskóla Íslands innan tveggja vikna frá því er vinningsmiða er framvísað.

Þegar vinningur nemur 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skal vinningshafi framvísa vinningsmiða sínum hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins ásamt útfylltu þar til gerðu útborgunareyðublaði. Skal vinningshafinn fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins. Aðalskrifstofan greiðir vinning um leið og gengið hefur verið úr skugga um að vinningsmiði sé gildur.

Vextir reiknast ekki á vinninga.

15. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá því að útdráttur fór fram í hlutaðeigandi útgáfuflokki. Að þeim fresti liðnum verður vinningurinn eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. ágúst 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ**um afnám banns við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkurdjúpi.**

1. gr.

Frá og með 6. september 1991 er felld úr gildi reglugerð nr. 343 15. júlí 1991, um bann við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkurdjúpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. september 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.